

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu nr. 612 31. júlí 2001.

#### 1. gr.

Við 15. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Jafnframt fellur niður reglugerð um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu nr. 519/1987, sbr. reglugerð 88/1997.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 54 frá 22. maí 1997 um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. september 2001.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Thors.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Gnúpverjahreppi.

*Breytt deiliskipulag tjald- og hjólhýsasvæðis í landi Skriðufells.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Gnúpverjahrepps þann 28. júní 2001, breytingu á deiliskipulagi tjald- og hjólhýsasvæðis í landi Skriðufells í Þjórsárdal.

Breytingin felst í minnkun skipulagssvæðisins, vegna breytts eignarhalds á landi, færslu á byggingarreit fyrir vélageymslu og vinnu- og geymslusvæði Skógræktar ríkisins og breyttum skilmálum fyrir hjólhýsi.

Greinargerð og uppdættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag frístundabyggðar við Skriðufell, land Landssímans.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Gnúpverjahrepps þann 28. júní 2001, deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skriðufells í Þjórsárdal.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 3 frístundahúsum, húsi til sameiginlegra nota og tjaldsvæði. Greinargerð og uppdættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Árnesi, 3. september 2001.*

F.h. Oddvita Gnúpverjahrepps,

**Oddur Hermannsson** skipulagsfulltrúi.